

Stefnumót KA 3. fl. kk. 3. - 5. febrúar



stefna
hugbúnaðarhús



Matarplan

Föstudagur

Kvöldmatur á Bautanum: Kjúklingabringa með sveppa risotto og salati

Laugardagur

Morgunmatur í Lundarskóla

Hádegismatur í Lundarskóla: Lasagne

Kvöldmatur í Lundarskóla: Pizzuveisla

Sunnudagur

Morgunmatur í Lundarskóla

Hádegismatur á Bautanum: Kjúklingapasta, salat og brauð

Morgunmaturinn í Lundarskóla er á milli 07:00 og 09:00. Þar sem að Bautinn getur ekki tekið á móti öllum liðum á sama tíma verður liðunum útvegað matartíma í hádegismat og kvöldmat. Það matarplan mun birtast á facebook síðu mótsins:

<https://www.facebook.com/StefnumotKA>



Hádegismatur er á Bautanum. Gengið er inn, fyrir neðan hús, um inngang á milli Bautans og Subway.

Gisting

Gist er í Lundarskóla. Lundarskóli er staðsettur við hlið KA-svæðisins Skólinn opnar kl. 16:00 á föstudegi og allir þurfa að vera komnir út úr skólanum kl. 13:00 á sunnudag. Við biðjum ykkur um að virða þessar tímasetningar.

Umgengnisreglur í skólanum

1. Hvert félag skrifar undir umgengnissamning við komu í skólann.
2. Allir boltar eru bannaðir í öllum skólanum þ.m.t. matsal og eldhúsi.
3. Hasar í formi hlaupa og leikja skal vera úti en ekki innan veggja skólans.
4. Mikilvægt er að ganga af virðingu um skólann og þá muni sem þar eru, hvort sem um ræðir búnað eða listaverk barna.
5. Ekki skal taka tæki úr sambandi sem nýtt eru til kennslu né fikta í þeim.
6. Bannað er að nota sjónvörp og önnur tæki sem eru í stofunum.
7. Ekki skal ganga á útiskóm innandyra skólans. Skór skulu vera geymdir í skóhillum í anddyrinu.
8. Loftaplötur í loftum eru viðkvæmar og því mikilvægt að kasta eða sparka engu í þær.
9. Öll framleiðsla og neysla matar skal fara fram í matsal skólans.

Fyrirkomulag mótsins

Mótið verður spilað á gervigrasi, bæði úti á KA-svæðinu og í Boganum á félagssvæði Þórs. Mismunandi fyrirkomulag er á mótinu en öll liðin spila jafn marga leiki (5 leiki).

- A, B og C riðlar eru spilaðir sem ein deild. Þeir riðlar eru samsettir af 4 liðum hver og spila þau 3 leiki í riðli. Að þeim leikjum loknum færist efsta lið B og C riðils upp um riðil á meðan neðsta lið A og B riðils færist niður um riðil. Eftir riðilinn eiga öll liðin ennþá möguleika á að vinna sitt mót óháð því hvernig fyrstu 3 leikirnir fara. Þá eru spiluð undanúrslit og síðan úrslitaleikur og leikur um sæti.
- D riðill er skipaður af 6 liðum sem spila einfalda umferð og verður það lið sigurvegari riðilsins sem hlýtur flest stig í þessum 5 leikjum. Í D riðli er enginn úrslitaleikur og ekki spilað um sæti.

Dómarar

Stefnumótið er góð upphitun fyrir Íslandsmótið sem er handan við hornið. Rétt eins og strákarnir eru dómarar mótsins að hita sig upp og öðlast mikilvæga reynslu fyrir sumarið. Dómarnir eru margir hverjir að stíga sín fyrstu skref í dómgæslu og munu þar

af leiðandi óhjákvæmilega gera mistök, rétt eins og keppendur. Sýnum dómurunum virðingu og leyfum þeim að sinna sínum störfum í friði.

Reglur

- Leiktími er 1*40 mínútur. Dómarar bæta ekki tíma við leiki því þá verða tafir á mótinu.
- Gefin eru gul og rauð spjöld. Ef leikmaður fær rautt spjald má annar leikmaður ekki koma inn á í staðinn. Rautt spjald þýðir ekki útilokun frá næsta leik.
- Ef lið verða jöfn að stigum gildir eftirfarandi um röðun liða:
 - Úrslit úr innbyrðisviðureign
 - Markatala
 - Fleiri mörk skoruð
 - Hlutkesti
- Í undanúrslitum og úrslitaleikjum er gripið til vítaspyrnukeppni ef leikurinn endar með jafntefli. 3 spyrnur á lið og bráðabani ef jafnt er að þeim loknum. Í leikjum um sæti er ekki vítaspyrnukeppni og ef þeir leikir enda með jafntefli deila liðin með sér sætinu.

Heimasíður

Allir leikir og úrslit birtast á <https://stefnumot.torneopal.com/>

Tilkynningar og aðrar upplýsingar um mótið, eins og matartími liða, birtast á facebook síðu mótsins <https://www.facebook.com/StefnumotKA>

Aðrar upplýsingar

Hér má finna svör við nokkrum algengum spurningum:

- Þátttökugjöld í mótið gefa ekki frítt í sund. Sundlaug Akureyrar er opin til kl. 21 á föstudag. Laugardag og sunnudag frá 09.00-19.00. Aðgangseyrir 290kr.
- Á Stefnumótunum er engin kvöldvaka en við hvetjum liðin til að gera eitthvað félagslegt saman ef tími gefst.
- Sturtuaðstaða er í KA heimilinu og í Boganum. Hafið samband við starfsfólk þegar þið mætið á svæðið til að fá úthlutað klefum.
- KAtv sýnir ekki frá mótinu.